

ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að **137** forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningum sjóðs- **21. oktbr.** ins í því formi, er landshöfðingi fyrirskipar. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra amtmaður, hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir forstöðunefnd umrædds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lán Holtspresta- **138**
kalls handa Ásólfskálakirkju. Samkvæmt beiðni prestsins að Holti undir Eyja- **31. oktbr.** fjöllum, Kjartans prófasts Einarssonar, og tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. þ. m., vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess, að við þær eptirstöðvar af láni Holtsprestakalls í Rangárvallaprófastsdæmi úr viðlagasjóði eptir skuldabryfi 20. oktbr. 1892 (upprúnalega 2900 kr.), sem eptir verða, þá er frá er dregin 1300 kr. eptirgjöf samkvæm lögum nr. 18 frá 6. nóvbr. f. á., 2. gr., að upphæð kr. 1285.86, megi bæta 14 kr. 14 a., svo að skuldarupphæðin verði kr. 1300.00, og að þessi upphæð veitist Holtsprestakalli úr landssjóði, sem nýtt lán, er ávaxtist og endurborgist með 6% árlega á 28 árum af tekjum prestakallsins, að því leyti sem tekjur Ásólfskálakirkju, sem lánsins hefir notið, hrökkva eigi til að greiða vexti og afborgun.

Þetta er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi, um bygging kirkju í landi **139**
Staðarhóls í stað Tjaldaness. Með skírskotun til brjefs mins, dagsetts 10. marz **31. oktbr.** 1896 (Stj.tíð. 1896, B, bls. 34) um að kirkjurnar að Hvoli og Staðarhóli mættu leggjast niður, en í þeirra stað byggjast ein kirkja að Tjaldanesi fyrir báðar sóknirnar, Hvolssókn og Staðarhólssókn, vil jeg hjer með að fengnu samþykki hlutadeigandi hjeradsfundar eptir ósk safnaðanna og samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í þóknanlegu brjefi yðar, dagsettu 21. þ. m., veita leyfi mitt til þess að hin fyrirhugaða nýja kirkja verði byggð á Skollhól í Staðarhólslandi í staðinn fyrir á Tjaldanesi.

Þetta er yður þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna yfir Íslandi, um lántökuleyfi handa **§140**
Suðurdalapingaprestakalli. Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, **4. nóvbr.** herra biskup, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 9. septbr. þ. á., vil jeg hjer með veita